



# Ylræktartrygging

Skilmáli nr. EL65

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EL65.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Ylræktartrygging er ætluð fyrirtækjum sem leggja stund á hefðbundna ræktun í gróðurhúsum eins og ræktun á grænmeti og gróðri.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt undir rafrænum skjölum á vis.is.

## 1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin tekur til ræktunar í gróðurhúsi.

## 2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi ræktunar er tryggður.

## 3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir í því gróðurhúsi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur
4.1 Eldsvoði, elding og sprenging	a) Tjón á ræktun af völdum eldsvoða. b) Tjón á ræktun af völdum eldingar. c) Tjón á ræktun af völdum sprengingar.	d) Tjón sem verður þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus þar sem það telst ekki eldsvoði. e) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.	f) Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
4.2 Vatn, gufa og olía	a) Tjón á ræktun af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum gróðurhússins og á upptök innan veggja hússins. b) Tjón á ræktun af völdum vatns sem flæðir úr tækjum vegna mistaka eða bilana.	c) Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra. d) Tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.	e) Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi þegar hættu er á frosti. f) Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.
4.3 Innbrot	a) Tjón á ræktun af völdum innbrots.		b) Tryggður skal sjá til þess að gróðurhúsið sem tryggð ræktun er í sé alltaf læst þegar enginn er í gróðurhúsinu.
4.4 Óveður	a) Tjón á ræktun af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á ræktun teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta gróðurhússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt		



	eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.		
<b>4.5 Breyting á hitastigi</b>	a) Tjón á ræktun af völdum breytinga á hitastigi vegna bilunar í tæknibúnaði, rafmagnsbilana, bilana í hitakerfum og vatnsleiðslum.		
<b>4.6 Snjóþungi</b>	a) Tjón á ræktun af völdum skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggj gróðurhússins.	b) Tjón sem er afleiðing byggingargalla.	

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 5.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Háttsemi annarra

- 6.1 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónarmanns hinnar tryggðu ræktunar.

## 7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Tryggingarfjárhæð ræktunar miðast við áætlað markaðsverð eins og það er að ræktunartíma loknum og tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.  
7.2 Upphæð tryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.  
7.3 Tryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs án húsnæðis.

## 8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Bætur miðast við þann kostnað sem í ræktunina hefur verið lagður á tjónsdegi, svo sem sáningarkostnað og launakostnað, en ekki áætlað markaðsverð ræktunar.  
8.2 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**